

2026

Fimmtudaginn 20. október 1994.

Nr. 139/1993.

Ingbór Ólafsson

(Páll Arnór Pálsson hrl.)

gegn

Pórnari Guðnasyni

(Sigmundur Hannesson hrl.)

Skuldabréf. Gagnaöflun. XVII. kafli laga um meðferð einkamála. Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 1. apríl 1993. Hann krefst sýknu af öllum kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Fyrir Hæstarétt hefur verið lagt bréf ríkissaksóknara til Rannsóknarlögreglu ríkisins 18. janúar 1994 um kæru áfrýjanda 17. febrúar 1992 á hendur stefnda fyrir auðgunarbrot eða að minnsta kosti tilraun til þess með innheimtuaðgerðum sínum á skuldabréfi því, sem deilt er um í máli þessu. Með bréfinu leggur ríkissaksóknari fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins að kanna betur tiltekna þætti málsins, þar á meðal, hvernig húsaleiga Byggingamarkaðar Vesturbæjar sf. hafi verið greidd á árinu 1989 og hvaða gögnum tekju-liðurinn „innborganir upp í kostnað frá eigendum“ í reikningum félagsins fyrir umrætt ár sé studdur. Í annan stað hefur verið lagt fyrir Hæstarétt bréf Rannsóknarlögreglu ríkisins 10. október 1994 til lögmanns áfrýjanda, þar sem upplýst er, að rannsókn málsins hafi tafist, þar sem kærði beri því við, að bókhaldsgögn séu týnd, og að hann hafi enn ekki skilað greinargerð sinni um nefnd viðskipti, þótt eftir því hafi verið gengið.

II.

Áfrýjandi hefur lýst málavöxtum svo, að vorið 1989 hafi hann auk stefnda og þriggja annarra manna stofnað Byggingamarkað Vesturbæjar sf. í þeim tilgangi að taka á leigu húsnæði að Sólvallagötu 79 í Reykjavík og reka þar saman byggingamarkað. Hafi sameigendurnir undirritað víxla til tryggingar leigugreiðslum allmarga mánuði fram í tímann, en síðar hafi skuldabréf, undirrituð af sömu mönnum, komið í stað víxlanna. Voru bréfin afhent leigusala. Það skuldabréf, sem stefndi er í máli þessu að gera kröfu til að fá greitt hjá áfrýjanda, sé vegna leigugreiðslu fyrir aprílmánuð 1990. Áfrýjandi hafi hins vegar mjög fljótlega, það er eftir einn eða tvo mánuði, hætt við að vera aðili í þessu rekstrarsamstarfi. Hann hafi ekki komið nálgætt leigugreiðslum eða rekstri þessa fyrirtækis. Hafi öllum sameigendunum verið þetta ljóst. Stefndi sé því sjálfur raunverulegur skuldari bréfsins, það er sá, sem átti að greiða leiguna, sem skuldabréfið var notað til að greiða.

Í málinu liggur fyrir tilkynning sameigendanna fimm til Firmskrár Reykjavíkur, dagsett 7. desember 1989, þar sem lýst er yfir, að áfrýjandi hafi þann dag gengið úr sameignarfélaginu, en hinir félagsmennirnir haldi áfram rekstrinum óbreyttum að öðru leyti.

III.

Mál þetta er rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála á grundvelli skuldabréfs. Höfuðtilgangur þessa kafla laganna, sem felur í sér afbrigðilega meðferð einkamála, er að tryggja eigendum tiltekinna skjala greiða málsmeðferð. Að þessu miðar meðal annars 118. gr. laganna, sem geymir sérreglur, er takmarka, hvaða vörnum um efni málsins áfrýjandi fær komið hér að. Þessar sérreglur laganna fela í sér, að koma megir að vörnum um augljós og óumdeilanleg atriði, án þess að það hafi áhrif á það réttarfarshagræði, sem meðferð samkvæmt XVII. kafla veitir. Í 3. mgr. 118. gr. er eingöngu kveðið á um skjalfest sönnunargögn eða staðhæfingar, sem varnaraðili þarf ekki að sanna, og verður sérreglan túlkuð þröngt.

Varnir áfrýjanda lúta að viðskiptunum á bak við nefnt skuldabréf. Stefndi mótmælir því, að varnir áfrýjanda komist að í málinu, þar sem það er rekið samkvæmt XVII. kafla laga nr. 91/1991. Verður

dómur ekki lagður á varnir áfrýjanda á grundvelli þeirra gagna, sem fyrir liggja í málinu. Við þær aðstæður verður ekki hjá því komist að taka kröfur stefnda til greina.

IV.

Er mál þetta var höfðað, var auk kröfu um greiðslu stefnufjárhæðar krafist staðfestingar á löghaldi, sem gert hafði verið til tryggingar kröfunni í fasteigninni nr. 19 við Öldugötu í Hafnarfirði. Var síðar fallið frá þeirri kröfu.

Upphaflega var málið höfðað eftir almennum reglum, en með bókun í þinghaldi 10. febrúar 1992 lýstu aðilar sig sammála um, að meðferð málsins færi samkvæmt XVII. kafla laga nr. 85/1936, sbr. nú XVII. kafla laga nr. 91/1991. Samkvæmt ákvæðum í skuldabréfinu má reka mál út af því fyrir bæjarþingi Reykjavíkur samkvæmt reglum XVII. kafla laga nr. 85/1936. Í sama þinghaldi féll áfrýjandi frá kröfu um frávísun málsins. Í þinghaldi 17. febrúar 1992 lýsti áfrýjandi yfir, að hann félli frá kröfu um, að leidd yrðu vitni í málinu.

Í héraðsdómi er engin grein gerð fyrir þeim rekstri málsins, sem hér er lýst. Þar er að auki nánast enga lýsingu málavaxta að finna. Er þetta aðfinnsluvert.

Eftir þessum úrslitum verður héraðsdómur staðfestur um annað en málskostnað. Verður áfrýjandi dæmdur til greiðslu málskostnaðar, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur um annað en málskostnað.

Áfrýjandi, Ingþór Ólafsson, greiði stefnda, Þórarni Guðnasyni, 300.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjaness 15. mars 1993.

Ár 1993, mánudaginn 15. mars, er í Héraðsdómi Reykjaness kveðinn upp dómur í máli nr. E-Ha-1032/1991.

Mál þetta dæmir Sigurður Hallur Stefánsson, settur héraðsdómari. Það var dómtekið 2. þ. m. og höfðað með stefnu, birtri 7. október 1991.

Stefnandi er Þórarinn Guðnason, kt. 180157-7199, Þjórsgötu 9 A, Reykjavík.

Stefndi er Ingþór Ólafsson, kt. 010142-2889, Öldugötu 19, Hafnarfirði.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til greiðslu skuldar, að fjárhæð 1.134.034,30 kr., ásamt dráttarvöxtum frá 1.1. 1991

til greiðsludags skv. III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, auk málskostnaðar skv. gjaldskrá LMFÍ, og beri hann dráttarvexti frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af kröfum stefnanda og að sér verði tildæmdur málskostnaður að skaðlausu að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefnandi kveður hina umstefndu skuld vera samkvæmt skuldabréfi, út gefnu af stefnda 14. ágúst 1989, upphaflega að fjárhæð 820.000,00 kr. Láns-tími hafi verið 8 mánuðir, og skyldi lánið greitt með einni greiðslu 15. apríl 1990. Vextir skyldu vera meðalvextir hverju sinni af óverðtryggðum skulda-bréfum skv. tilkynningu Seðlabanka Íslands og reiknast frá útgáfudegi bréfsins. Stefnandi hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldar-innar ásamt Sigurði Fannari Guðnasyni, kt. 270649-4089, og Tómasi Enok Thomsen, kt. 270240-5779. Skuldabréfið hafi verið selt Íslandsbanka hf. (Íðnaðarbanka Íslands hf.), en stefnandi orðið að innleysa það 31. 12. 1990 með 1.134.034,30 kr.

Sýknukrafa stefnda er reist á því, að stefnandi hafi enga heimild til þess að gera fjárkröfu á hendur stefnda, þótt hann hafi verið ábyrgðarmaður á skuldabréfi, sem stefndi var útgefandi að. Þetta byggist á því, að stefnandi sé sjálfur raunverulega aðalskuldarinn, þ. e. a. s. sá, sem átti að greiða húsaleigu, er skuldabréfið var notað til greiðslu á.

Af hálfu stefnanda er því mótmælt, að vörnum þeim, sem stefndi hefur uppi, verði komið að.

Umstefnt skuldabréf liggur frammi í málinu í frumriti. Efni þess og árit-anir svara að öllu til framanritaðrar lýsingar stefnanda, sem þannig er lög-formlegur handhafi þess. Varnir stefnda eru ekki slíkar, sem að verði komið samkvæmt 118. gr. laga nr. 91/1991.

Niðurstaða málsins er sú samkvæmt framangreindu, að dæma ber stefnda til að greiða stefnanda 1.134.034,30 kr. ásamt vöxtum, svo sem í dómsorði greinir. Þá ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda málskostnað, 250.000,00 kr., ásamt dráttarvöxtum frá og með 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Ingbór Ólafsson, greiði stefnanda, Þórarni Guðnasyni, 1.134.034,30 kr. ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987, sbr. 5. gr. laga nr. 67/1989, frá 1. janúar 1991 til greiðsludags og 250.000,00 krónur í málskostnað ásamt dráttarvöxtum frá 15. degi eft-ir dómsuppsögu til greiðsludags.